

Skyldur skrásetjara

Skráning í Gegni er samstarfsverkefni aðildarsafnanna Gegnis.

Bókfræðifærslurnar eru sameign safnanna og bera þau sameiginlega ábyrgð á að skráð sé í samræmi við þær reglur sem eru í gildi hverju sinni.

Virða ber samþykktir skráningarráðs og vinna samkvæmt þeim.

Samstarf skrásetjara felst m.a. í að leiðrétta villur og/eða galla sem þeir kunna að rekast á í bókfræðigögnunum. Ef ritið er íslenskt ber að hafa samráð við skrásetjara íslensks efnis á Landsbókasafni, póstfangið er gegnir@landsbokasafn.is. Ábendingar um fæðingar- og dánarár, verk ranglega eignuð höfundu o.þ.h. eru vel þegnar. Augljósar innsláttarvillur í erlendu efni ber að leiðrétta. Ef ástæða þykir til að breyta höfði þarf að hafa samband við safnið sem lagði færsluna inn - ekki gert án samráðs.

Fari skrásetjari ekki eftir settum reglum um skráningu í Gegni, þrátt fyrir að hafa fengið ábendingar þar um, fær hann senda bréflaga áminningu frá formanni skráningarráðs Gegnis, með dæmum um það sem er ábótavant og í kjölfarið fer í gang ferli til að tryggja gæði skráningar, sjá nánar í Handbók skrásetjara, <https://hask.landsbokasafn.is/index.php?page=skyldur-skrasetjara>.